

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 755/2011, um vöruval og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
ÁTVR skal gæta jafnræðis gagnvart áfengisbirgjum við val á vöru og ákvörðun um sölu og dreifingu.

2. gr.

Í stað orðsins „viðmiðunarframlegð“ í 3. mgr. 5. gr. kemur: söluárangri.

3. gr.

Í stað orðsins „framlegðarviðmið“ í 2. mgr. 15. gr. kemur: árangursviðmið.

4. gr.

14. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

5. gr.

Orðin „og nærsvæðisvali“ í 4. mgr. 17. gr. falla brott.

6. gr.

Á eftir 3. mgr. 24. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi: ÁTVR getur sett viðmið um hámarksaldur viðkvæmrar vöru og skal það birt með tveggja mánaða fyrirvara á birgjavef ÁTVR. ÁTVR getur hafnað móttöku vöru sem er eldri en viðmiðaður hámarksaldur. ÁTVR getur krafist staðfestingar á framleiðsludegi viðkvæmrar vöru.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 11. gr. laga nr. 86/2011, um verslun með áfengi og tóbak, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 27. ágúst 2012.*

F. h. r.

**Marianna Jónasdóttir.**

*Guðmundur J. Arnason.*